

Illt að vera á annarri skoðun

Andmælendur virkjunar og stóriðju á Austurlandi telja sig hafa orðið fyrir miklum neikvæðum þrýstingi bæði frá yfirvöldum og almenningi, svo mjög að jafnvel hafi verið reynt að bola þeim úr starfi vegna skoðana sinna.

Andmælendur virkjunar og stóriðju á Austurlandi telja sig hafa orðið fyrir miklum neikvæðum þrýstingi bæði frá yfirvöldum og almenningi, svo mjög að jafnvel hafi verið reynt að bola þeim úr starfi vegna skoðana sinna. **Steinunn Ásmundsdóttir** ræddi við þrjá náttúruverndarsinna sem staðið hafa í þessum sporum.

Sjálfsgagt er kominn nokkur lúi í þjóðfélagið vegna hinna hatrömmu deilna virkjunarsinna og andmælenda virkjunar á hálendinu norðan Vatnajökuls, sem fram hafa farið í ræðu og riti vel á þriðja áratug. Menn togast gjarnan á um hvor aðilinn fái meira svigrúm í orðræðunni og sitt sýnist hverjum. Einu er við þessa umræðu að bæta, sem ekki hefur farið hátt, en það er meint óbilgirni í garð andmælenda virkjunar og stóriðju.

Þau Karen Erla Erlingsdóttir, Þórhallur Þorsteinsson og Skarphéðinn G. Þórisson eru meðlimir í Félagi um verndun

hálendis Austurlands og stóðu tvö þau fyrrnefndu lengst af í fylkingarbrjósti í baráttunni gegn virkjun, fyrst Fljótsdalsvirkjun og síðar Kárahnjúkavirkjun. Þórhallur og Skarphéðinn sátu báðir um árabíl í Náttúruverndarráði.

"Virkjunarsinnar telja sig ævinlega í fullum rétti til að tala fyrir heildina enda hafa þeir bæði ríkisstjórnina og sveitarstjórnir með sér," segir Þórhallur. "Við hin eigum að halda okkur saman og stimpluð draumóramenn sem standi í vegi fyrir velferð heils landsfjórðungs. Við höfum flestöll gefist upp sem stóðum fremst í varnarbaráttunni gegnum tíðina, því pressan hefur verið gífurleg og við ekki haldið hana út vegna þrýstings um að vera alltaf að, sem og vegna árása á okkur persónulega."

Þegiðu, Eyjabakkafíflíð þitt

Karen Erla segir alvarlega vegið að stjórnarskrárbundnum lýðréttindum fólks megi það ekki hafa skoðanir öndvert fjöldanum og láta þær í ljósi. Enn alvarlegra sé þó þegar ráðist er að persónu fólks beint með svívirðingum og reynt að hafa skaðleg áhrif á einkalíf þess. "Þáverandi sveitarstjóri Austur-Héraðs leyfði sér að kalla mig Eyjabakkafífl á fjölmennu þorrablóti á Egilsstöðum árið 2000," segir Karen Erla. "Þegiðu, Eyjabakkafíflíð þitt," sagði hann, vitandi að flestir gestanna voru með virkjun og hefði líklega seint sagt þetta annars. Og salurinn hló auðvitað dátt. Svona var andrúmsloftið."

Skarphéðinn, sem starfar sem hreindýrasérfræðingur hjá Náttúrustofu Austurlands, segist hafa lent í því á fundi á vegum Landsvirkjunar að rannsóknir hans voru dregnar í efa og hann talinn hlutdrægur vegna skoðana sinna. Hann hafi og verið sakaður um að vera úlfur í sauðagæru sem rannsóknamaður og að skoðanir hans lituðu rannsóknaniðurstöður. Landsvirkjun samdi við Náttúrufræðistofnun sem vinnur matsskýrslu um áhrif virkjunar á náttúruna og Náttúrustofa vinnur við að meta áhrif virkjunarinnar á hreindýr fyrir stofnunina. Skarphéðinn segir ekki vafa leika á að þrátt fyrir að fjölgað hafi í hreindýrastofninum á síðustu árum vegna hagstæðs tíðarfars, hafi dýrin nánast farið af Vesturöræfum eftir að virkjunarframkvæmdir hófust, þar sem á milli 65 og 70% Snæfellsjarðarinnar, sem er rúmlega helmingur af stofninum, hafi nýtt lónstæðið og svæðið þar austur af til sumarþeir frá 1965 skv. gögnum heimamanna, rannsóknarfólks og



Sökkt Lyng færirst á kaf í jökulvatn í lónstæði Háslóns við Kárahnjúkastíflu. Tekist hefur verið á í fjölmiðlum um virkjunarframkvæmdir og sitt sýnist hverjum. — Ljósmynd/Þórhallur Þorsteinsson



[Smellið til að sjá stærri mynd]

veiðimanna og sem burðarstað. Dýrin hafi leitað út á Fljótsdals- og Fellaheiðar og verði veðurfar erfiðara sé hætt við að það geti komið niður á dýrunum sem líklega hafi ekki jafngóðan forða frá þeim beitolöndum eins og Vesturöræfunum. Þessar niðurstöður sjáist ekki í umfjöllun Landsvirkjunar um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á hreindýr og jafnvel hafi verið reynt að draga úr sannleiksgildi þeirra.

"Í sambandi við umhverfismat um Eyjabakka kom í ljós að mikill meirihluti þjóðarinnar var með því," segir Skarphéðinn. "Fólki, alveg sama hvort það var með eða á móti virkjun, þótti fráleitt að þessi mikla framkvæmd færi ekki í umhverfismat, af því að hún var samþykkt 1991 en lögin um umhverfismat komu 1993. Þá skrifuðu ýmsir undir áskorun um að Eyjabakkar færu í umhverfismat sem birt var í Morgunblaðinu, bæði menn á móti og með." Skarphéðinn vísar til greinar í Austra eftir verkfræðing á Egilsstöðum sem tindi til þá heimamenn á Héraði sem ritað höfðu undir og skrifaði að kennarar í þeim hóp væru á opinberu framfæri og gætu átt þátt í að mennta ungmenni svæðisins burt með því að halda að þeim þeirri firru að eystra mætti ekkert aðhafast. Skarphéðinn kenndi í Menntaskólanum á Egilsstöðum frá 1983, en eftir 2000 í stundakennslu meðfram starfi sínu hjá Náttúrustofunni. Hann segist aldrei hafa orðið fyrir aðkasti vegna skoðana sinna í ME, hvorki frá samkennum né nemendum. "Ég tók þetta samt til mín sem kennari, að ég væri að mennta börnin suður með því að sýna þeim svæðin sem til stóð að virkja. Ég hef aldrei falið það að ég er á móti þessari framkvæmd. En ég tel mig hafa haldið hlutleysi í menntaskólanum og í starfi mínu hjá Náttúrustofu Austurlands."

Brottrekstrar krafist

Þórhallur og Karen Erla tóku sig við þriðja mann til og stöðvuðu för rútu með stjórn og forstjóra Landsvirkjunar ásamt borgarstjóra á leið inn á Eyjabakka haustið 1999, nánar tiltekið á brú yfir Bessastaðaá. Þórhallur dró spilvör yfir brúna og tafði för fólksins í um 20 mínútur. Hann segir að lesnar hafi verið upp tvær ályktanir frá félaginu og því lýst að um táknað mómæli væri að ræða, að því búnu hafi þau opnað brúna á ný og átt í kjölfarið vinsamlegan orðastað við fólkið í rúttunni. "Eftir þetta varð fjandinn laus," segir Þórhallur, sem er starfsmaður RARIK og lýsir því hvernig forráðamenn í stjórnmalum, fjöldi sveitarstjórnarmanna og fleiri hringdu í bæði yfirmann hans og stjórnarmenn RARIK og kröfðust þess að hann yrði rekinn úr starfi. Karen Erla var kölluð á teppið hjá skólastjórnunum, en í hann hafði verið hringt og þess farið á leit að henni yrði víkið úr starfi þar sem hún hefði óheppilegar skoðanir og stæði að "hryðjuverkum" í vinnutímanum, sem reyndist alrangt. Þórhallur fór á teppið hjá umdæmisstjóra RARIK í kjölfar dylgna frá vinnufélögum um að spilið og vírin sem notað var við Bessastaðaá væri í eigu fyrirtækisins, en reyndist fyrir löngu komið í eigu Þórhalls sjálfs. Hann segir einnig að maður er hafði að embætti að tilkynna straumleysi í sveitum hafi gert sig að umræðuefni sem stórhættulegan einstakling sem bæri að víkja úr starfi. "Ég er alveg viss um að enginn hefði hringt ef ég hefði misþyrmt manni á dansleik. Það sem er kannski sárast af öllu saman er að þetta viðhorf ríkti hjá samstarfsmönnum mínum, um það að ég væri að vinna gegn hagsmunum RARIK og það gæti ekki gengið að ég væri í vinnu hjá fyrirtækinu. Þetta hefur þó rénað og sumir sem gengu harðast fram rætt þetta við mig síðar. Á þessum sama tíma var þess krafist á fundi hér fyrir austan að Ómar Ragnarsson yrði rekinn úr starfi fréttamanns og vinnubrögð hans rannsökuð." Hann minnst þess að um svipað leyti lokuðu einhverjir Keflavíkurveginum um tíma til að vekja athygli á hversu hættulegur hann væri. "Ég var kallaður í yfirheyrslu og sektaður. Keflavíkurfólkið var látið afskiptalaust. Af hverju stafar þessi munur á málsmeðferð í sams konar málum?"

Gamlir vinir hættu að heilsa

Karen Erla var um skeið starfsmaður hreindýraráðs og segist vita til að þáverandi ráðherra ættaður úr Skagafirði hafi lagst gegn ráðningu hennar en ekki haft erindi sem erfiði. "Það er leyfilegt að skjóta mann í kaf og ráðast á mann persónulega hafi maður þessa skoðun," segir hún og tiltekur dæmi þar sem hún hefur orðið fyrir grófu aðkasti. "Það gerist jafnvel að gamlir vinir hætta að heilsa, svo mjög skipa menn sér í fylkingar og eru hatrammir."

Þau rifja upp vefinn STAR, sem rekinn var af Staðarvalsnefnd fyrir stóriðju á Austurlandi og borgaður af iðnaðarráðuneyti, Landsvirkjun, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi og Fjarðabyggð. "Á tímabili voru þar tveir ritstjórar sem höfðu það meginhlutverk að svara, snúa út úr og tortryggja skrif náttúruverndarfólks. Það er líklega einsdæmi að notað skuli vera almannafé og opinbert til að dreifa óhróðri um sína samborgara eins og þar var gert," segja þau og minnst ýmissa niðrandi sendinga til sín sem finna mátti á vefnum. Honum var svo lokað.

"Virkjunarsinnar nota "Við Austfirðingar" og "Austfirðingum finnst" í sínum málf lutningi og gleyma því að hér er fólk sem hefur stórkostlegar efasemdir um réttmæti virkjunar og um samfélagslegar afleiðingar þessara framkvæmda fyrir

Austurland," segir Karen Erla. Skarphéðinn bendir á að Félag um verndun hálandis Austurlands hafi haft að meginmarkmiði að fyrirhugaðar framkvæmdir um virkjun væru ítarlega kynntar almenningi svo að fólk gæti myndað sér skoðun á grunni þekkingar. Slík kynning hafi aldrei verið að neinu marki og tiltekur hann m.a. opinn kynningarfund á Eiðum sem hafi ekki verið opnari en svo að Karen Erlu og bróður hennar hafi verið hent út af honum. Þá hafi tekið fleiri mánuði að fá Samband sveitarfélaga á Austurlandi til að halda kynningarfund og loks þegar til kom var slíkur fundur haldinn á sauðburði, í miðri viku og um miðjan dag, nákvæmlega þegar fæst vinnandi fólk komst frá. Þar hafi virkjunarsinnar verið nánast einir um hituna og Skarphéðinn einn framsögumanna um að hafa einhverjar efasemdir.

101 Reykjavík í sigtinu

Þórhallur var til margra ára formaður Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, sem m.a. rekur Snæfellsskála. Hann segir Landsvirkjun hafa ákveðið að styrkja rekstur skálans uns honum yrði fundið nýtt hlutverk, hugsanlega í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð. Samningurinn datt upp fyrir á miðri leið og hefur Þórhallur það eftir sveitarstjórnarmanni af Jökuldal að Landsvirkjun sæi enga ástæðu til að styrkja félag með formanni sem ekkert ætlaði að vitkast. "Þarna álit ég að átt hafi að kaupa þögn mína. Þar sem ég hafði ekki verið þægur í þeirra augum var hætt við," segir Þórhallur og segist heldur ekki geta orða bundist vegna allra Kárahnjúkakynningarskilta Landsvirkjunar sem blasi við alls staðar þar sem ekið sé inn á hálandi Austurlands. "Síðan segja þeir að andstæðingum virkjunarinnar sé gert hærra undir höfði í allri umfjöllun. Ég er ekki viss um að Vegagerð ríkisins myndi leyfa náttúruverndarsamtökum að reisa tveggja fermetra skilti við hlið Landsvirkjunarskiltanna þar sem væri tilgreint og sýnt það sem verið er að sökkva."

Þau undrast orðræðu um "fólkið fyrir sunnan, listamennina í 101 Reykjavík", sem ekkert viti og hafi varla komið á svæðið skv. virkjunarsinum. "Það hafa nú líklega fleiri úr þeim hóp komið á virkjunarsvæðið en fólk úr Fjarðabyggð," segir Karen Erla. "Andstaðan gegn virkjunum kemur fyrst héðan að heiman, frá fólki sem stofnar Félag um verndun hálandis Austurlands. Allt það fólk þekkti áhrifasvæði áætlaðra virkjana og hafði ferðast um það í áratugi. Allt tal um að andstaðan gegn þessu sé frá fólki sem ekkert veit um svæðið er úr lausu lofti gripið og ósatt. Það skýtur skökku við að menn mega vera hlynntir framkvæmdinni án þess að hafa nokkru sinni komið á svæðið, en ekki á móti henni. Virkjunin er gengin í gegn og fólk situr eftir með að hafa ekki fengið upplýsingar sem það þurfti. Þetta skynjum við vel í kringum okkur." Frægt varð þegar austfirskir virkjunarsinnar undir formerkjum Afís fyrir Austurland komu í hóp á aðalfund Náttúruverndarsamtaka Austurlands í Snæfellsskála til að ganga í félagið og fá í skjóli meirihluta samþykktar ályktanir með virkjun. "Frjáls félagasamtök sem ekki voru þæg máttu ekki vinna á svæðinu, það þurfti að gera út af við þau," segir Þórhallur. "Með þessari hörðu andstöðu gegn okkur og öðrum virkjunarandstæðingum tókst þeim ætlunarverk sitt hér fyrir austan, að kveða niður þá aðila sem stóðu í fylkingarbrjósti mótmæla við virkjunaráformum Landsvirkjunar. Við hættum öll að tjá okkur með sama hætti og við hefðum gert, ef hér ríkti eitthvert lýðræði í raun. Segja má að við höfum tapað þessari orrustu. Kannski var hún alltaf töpuð. Það alvarlegasta við Kárahnjúkavirkjun og framkvæmd hennar eru þær viðvarandi deilur sem skapast hafa í þjóðfélaginu og eru að mínu mati rétt að byrja, því í framhaldinu verður deilt um afleiðingarnar. Halldór Ásgrímsson sagði á fundi í sal Framsóknarfélagsins á Egilsstöðum að í raun væri allt í lagi ef aðeins einhver líttill hópur hér fyrir austan væri að malda í móinn, þetta mætti bara alls ekki fara suður." Skarphéðinn segir að hefði vægi frjálsra félagasamtaka verið meira og menn haft meiri möguleika og fjármagn til að gera eitthvað myndi umræðan hafa verið á jafnréttisgrundvelli. "Ég trúir því einnig að hefði framkvæmdin verið kynnt betur í upphafi væri hún ekki orðin svo óvægin sem raun ber vitni."

steinunn@mbl.is